

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Glerá frá stíflu til sjávar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi Glerár frá stíflu til sjávar.

Breytingin felur í sér að skipulagssvæðið minnkar úr 10,75 ha í 10,35 ha til samræmingar við mörk aðliggjandi deiliskipulags fyrir Tryggvabraut.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir verksmiðjusvæði á Gleráreyrum.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi verksmiðjusvæðis á Gleráreyrum.

Breytingin felur í sér að skipulagssvæðið minnkar úr 10,76 ha í 10,38 ha til samræmingar við mörk aðliggjandi deiliskipulags fyrir Tryggvabraut. Jafnframt minnkar lóðin Gleráreyrar 1 um 170 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. desember 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2023